

## Snefilefni í jarðhitavatni (skiljuvatni og þéttivatni) frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun

Dæmigerður styrkur (mg/kg) nokkurra snefilefna í jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun og hámarksgildi (mg/kg) þeirra í neysluvatni. Þegar efnainnihald skiljuvatns er borið saman við neysluvatnsstaðla sést að í skiljuvatni frá Hellisheiðarvirkjun er styrkur áls tíu sinnum hærrí en hámarksgildi í neysluvatni, arsens fjórum sinnum hærrí og selens tæplega tvisvar sinnum hærrí. Þór, flúor og natríum eru yfir mörkum. Í skiljuvatni frá Nesjavallavirkjun er styrkur áls tæplega tíu sinnum hærrí, arsens um sex sinnum hærrí og selens svipaður og hámarksgildi í neysluvatni. Styrkur annarra efna í skiljuvatni er lægri en uppgefin mörk fyrir neysluvatn. Styrkur snefilefna í þéttivatni frá báðum virkjunum er undir hámarksgildum í neysluvatni.

Efni	Eining	Hámarks gildi neysluvatns	SKILJU VatN		ÞÉTTIVATN	
			Hellisheiði	Nesjavellir	Hellisheiði	Nesjavellir
Ál (Al)	µg/kg	200	1800	1930	0,427	0,629
Arsen (As)	µg/kg	10	37	60	<0,05	0,0879
Baríum (Ba)	µg/kg	700	0,33	1,53	0,0269	0,0661
Kadmíum (Cd)	µg/kg	5	<0,002	<0,002	<0,002	<0,002
Kóbolt (Co)	µg/kg	-	0,027	0,026	0,007	0,054
Króm (Cr)	µg/kg	50	0,071	0,36	0,087	3,87
Kopar (Cu)	µg/kg	2.000	0,4	2,7	<0,1	<0,1
Kvikasilfur (Hg)	µg/kg	1	<0,002	<0,002	<0,002	0,0134
Mangan (Mn)	µg/kg	50	0,61	17	0,257	1,73
Molybdenum (Mo)	µg/kg	-	4,7	2,4	<0,05	<0,05
Nikkel (Ni)	µg/kg	20	0,17	1,57	0,828	4,47
Fosfór (P)	µg/kg	5.000	<1	11,3	<1	<1
Blý (Pb)	µg/kg	10	<0,01	0,062	0,027	0,0261
Selen (Se)	µg/kg	10	15,3	10,9	<0,5	<0,5
Strontíum (Sr)	µg/kg	-	4,3	<2	0,064	0,0966
Títan (Ti)	µg/kg	-	0,079	0,06	0,0223	0,0254
Vanadíum (V)	µg/kg	-	4,2	2,5	0,0185	0,0475
Sink (Zn)	µg/kg	3.000	0,3	19,1	1,28	2,39